

**Segulliðastýringar 1
(RÖKV1RS03) – Námsáætlun
(Kvöldskóli 2025)**



Kennari:	Friðrik Óli Atlason	Skammst.	FÓA
----------	---------------------	----------	-----

ÁFANGALÝSING:

Í þessum áfanga er fjallað um grunnvirkni og notkun rofa og segulliða, rofa- og snertitækni kynnt. Fjallað er um virkni og notkun segulliða í stýrirásum og kraftrásum og tímaliða í stýrirásum. Farið er í undirstöðuatriði við gerð á einlínu- og fjöllínnumyndum svo og tákni og staðla sem notaðir eru við gerð teikninga fyrir segulliðastýringar. Nemandinn fær þjálfun í að tengja, prófa og mæla og taka saman niðurstöður. Einnig er lögð áhersla á að nemandinn nýti sér mælitæki til að finna tengivillur og bilanir.

MARKMIÐ:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- einfaldri gerð rofa og segulliða
- virkni og uppbyggingu segulliða
- virkni og gerð tímaliða

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa einfaldar einlínu- og fjöllínuteikninga
- hanna minni og einfaldar rofa- og segulliðastýringar

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tengja einfaldar stýrirásir
- nýta mælitæki fyrir einfaldar stýrirásir

NÁMSGÖGN:

Öll námsgögn eru aðgengileg á Moodle síðu áfangans. Nemendur þurfa að hafa aðgang að fartölvu. Fartölvan verður að vera með Windows stýrikerfið uppsett og nemandi þarf að hafa leyfi á hana til að setja upp forrit.

Notað verður smáforritið SimuRelay og öll skil fara fram á tölvutækuformi.

